

Velkomin til Snow Magic!

Vetur, snjór, ís, kuldi, dimmar nætur, norðurljós, náttúran, menningin...Snow Magic býður þér uppá vetrarævintýri og skemmtilega viðburði. Njóttu hinnar hvítu, óspjölluðu snjóbreiðu, andaðu að þér ferskt fjallaloftið í Lapplandi og Íslandi og uppgötvaðu hefðir og sögur landanna. Í samvinnu við ferðapjónustuaðila bjóðum við þér uppá Vetrarævintýri.

Snow Magic, Jólaborpið í Rovaniemi í Finnlandi

Snjóborpið og Jólaborpið með snjó og ís skúlpturum er sem paradís fyrir börn og fullorðna.

Í snjóborpinu geta börnin lært að skapa sína eigin höggmyndir úr snjó með tilbúnum mótum. Þarna má einnig finna margskonar snjóhús, völungarhús, leikvelli og snjórennibrautir...Snjó og ís listaverk, mótuð af þjóðsögum og umhverfinu gefa staðnum töfrablæ.

Nærliggjandi þorp bjóða uppá fallega náttúru og margskonar afþreyingu tengda snjó. Misstu ekki af námskeiðum í snjó listagerð eða viðburðum og keppnum fyrir börn og fullorðna. Matarhlaðborð framreidd á snjóborðum, stólar gerðir úr snjór, logandi eldur og ís skúlpturar. Velheppnað kvöld og heillandi andrúmsloft!

Snow Magic – Mývatn, Ísland

Mývatn, á norðaustur Íslandi, er fullkominn staður til að sameinast einstakari fegurð náttúruafllanna og kynnst hefðbundnum eða nútíma vetrar afþreyingu.

Snjókarlar, þriggja metra háir, umvafðir risastórum handþrjónuðum treflum með þjóðfánum samstarfsaðilanna, snjó og ís höggmyndir sem og málaðar myndir á frosnu vatninu eykur aðeins á fegurð umhverfisins. Þú gætir hitt einn af hinum þrettán íslensku jólasveinum sem þarna eiga heimkynni sín. Starfsmenn Snow Magic Mývatns hafa heimsótt og safnað saman sögum og munnmælum eldri mývetninga um líf og störf fyrr á árum, sem og ýmislegt fleira.

Ýmsar skemmtiferðir og afþreyingar eru áformaðar í samstarfi við heimamenn, svo sem go kart, hestasleðaferðir, eða krikket eða bowling á frosnu vatninu.

Eftir spennandi og skemmtilegan leik, er fátt betra en notaleg stund í Jarðböðunum eða smakka á gómsætu hnossgæti úr sveitinni.

Snow Magic – Vetrarlandið í Sorsele, Svíþjóð

Heimsækið Sorsele og önnur þorp staðsett við hina vernduðu á Vindel ánni í norður Svíþjóð, sem rennur frá Vindel fjöllum, ein af stærstu náttúruperlum Evrópu.

Njótið Snjógarðsins, garður fyrir börn sem staðsettur er við Skíðamiðstöðina í fjallaþorpinu Ammarnäs og takið þátt í spennandi Snjó og Ís viðburði í Nalovardi skíðamiðstöðinni nálægt Sorsele, viðburður með ísklifri, snjóbrettum, snjóleiðangri og fjölskylduafþreyingu í Snjókastalanum.

Sorsele býður upp á kokteil í Snjóhúsinu sem staðsett er á frosinni Vindel ánni og töfrandi landslag með snjó listaverkum og leiksvæðum á svæðinu, þökk sé þátttöku námsmanna, heimamanna og þjónustuaðila.

Hestaferðir, snjósleða og bíla keppnir, snjó höggmyndir, bar og danssvæði...allt er mögulegt á frosinni Vindel ánni í þorpi Blattnicksele.

Markmið Snow Magic eru að auka og kynna nýja afþreyingarmöguleika, þjónustu og framboð í norður Evrópu, byggt á sjálfbærri nýtingu á snjó einkum í tengslum við hefð, sögur/menningu og nýja tæki, aðlagð að aðstæðum á hverju svæði. Að styrkja við ferðapjónustu og heimaaðila. Snow Magic er þriggja ára samstarfsverkefni, svokallað NPP verkefni byggt á norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Samstarfsaðilar eru Sorsele í Svíþjóð, Rovaniemi í Finnlandi og Atvinnubrúnaarfélag Þingeyinga fh. Mývatnssveitar Íslandi.

Snow Magic
Box 101, SE-920 70 Sorsele, Svíþjóð
info@snowmagic.eu
www.snowmagic.eu

